

Alþingi
Erindi nr. P 125/1807
komudagur 28.4.2000



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 28. apríl 2000

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um rannsókn sjóslysa, 567. mál, og siglingalög (sjópróf), 568. mál.

Vélstjórafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um rannsóknir sjóslysa og telur það til bóta varðandi sjóslysarannsóknir.

Félagið gerir ekki athugasemdir við efni þessa frumvarps, en bendir á ákvæði 1. m.gr. 6. gr., sem fjallar um skyldu skipstjóra til að skrá og tilkynna öll vinnuslys, sem verða á mönnum á skipi, sem er mjög þýðingarmikið atriði.

Misbrestur hefur oft verið á því, að slys séu skráð um borð eða mjög lítið og ónákvæmt skráð um það í skipsdagbókina. Oft stafar þetta af því, að umrætt óhapp telst á þeirri stundu, sem það verður, vera minni háttar. Því miður hefur það iðulega gerst, að óhappið hafi síðar leitt til varanlegrar örorku sjómannsins, þótt enginn hafi gert sér grein fyrir því að svo gæti farið, þegar óhappið varð.


Réttarstaða sjómanna, sem slasast hafa, hefur því oft orðið verri en ella og jafnvel skaðabótaréttur glatast, eins og mörg dæmi eru um, þegar krafist er bóta, þar sem viðkomandi óhapp var ekki skráð strax í upphafi í skipsdagbókina eða ónákvæmt um það eða dagbók skips glötuð, þannig að viðkomandi sjómaður á í erfiðleikum með sönnun, þegar hann hefur leitað seinna eftir skaðabótum. Hefur stundum verið tekið fram í dómum, að viðkomandi skipverji hefði sjálfur átt að hafa frumkvæðið að rannsókn slyssins færi fram, þ.e. að sjópróf yrði haldið eða lögregluskýrsla tekin, þegar í ljós kom að óhappið leiddi til örorku.

Þar sem nú er gert ráð fyrir því skv. 1. m.gr. 6. gr. að skráningarskylda taki til allra slysa og settar verði reglur um það, hvornig verði að því staðið, þá er nauðsynlegt af gefnu tilefni að vandað verði til þess verks.

Hvað snertir breytingu á siglingalögum varðandi sjópróf, þá eru engar athugasemdir gerðar, enda eru þær lagabreytingar gerðar til samræmis við ákvæði frumvarpsins um rannsóknir sjóslysa.

Það að ekki sé lengur skylt að halda sjópróf, heldur geti tilteknir aðilar, sbr. 1. m.gr. 220 gr. siglingalaga, krafist þess að sjópróf sé haldið á ekki að breyta neinu í þessum efnunum. Gengið er hér út frá því að reglurnar um töku lögregluskýrslna verði óbreyttar, sem eru nauðsynlegar þar sem ekki alltaf telst ástæða að halda sjópróf, sem fer þá alltaf eftir umfangi óhappsins. Ákvæði um skráningu allra óhappa á skipverjum í dagbók skipsins, tilkynningu slysa og óbreyttar reglur um töku lögregluskýrslna eru atriði, sem nauðsynlegt er að huga vel að jafnframt sjóprófum, þegar ákvæði um rannsóknir sjóslysa eru endurskoðuð.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!